

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Annas Sigmundsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Súðavík, 13. apríl. 2018

Efni: Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2017-2018

Vísað er í bréf dagsett. 9. apríl 2018, þar sem innsendum sérreglum sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps, sem samþykktar voru á 51. fundi sveitarstjórnar 8. mars, var hafnað af ráðuneytinu.

Á 52. fundi sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps sem haldinn var þann 12. apríl. 2018 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Eftirfarandi er tillaga sveitarstjórnar að sérreglum vegna úthlutunar byggðakvóta 2017 - 2018:

Ákvæði reglugerðar nr. 604/2017 gilda um úthlutun byggðakvóta fyrir Súðavík með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) *a-liður 1. gr. breytist þannig: Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006 eða frístundaveiðileyfi skv. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. sömu laga, við lok umsóknarfrests.*
- b) *b-liður 1. gr. breytist þannig: Eru skráð í viðkomandi byggðarlaga 1. desember 2017.*
- c) *1. másl. c-liðar 1. gr. breytist þannig: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlaga 1. desember 2017.*
- d) *Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 30% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og eru með frístundaveiðileyfi. 70% byggðakvótans í Súðavík skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa 50% eða meira af sínum afla, fiskveiðiárið 2016/2017 í Súðavík og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar.*
- e) *Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla í Súðavík sem telja á til byggðakvóta, og einnig úthlutuðum byggðakvóta, til vinnslu í Súðavík á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.*

Samþykkt samhljóða.

Óskað er eftir staðfestingu ráðuneytisins á fyrrnefnd atriði.

Virðingarfyllt,
f.h. Súðavíkurhrepps


Pétur G. Markan
sveitarstjóri